


Alþingi
Erindi nr. P 139/2339
komudagur 9.5.2011



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði 9. maí 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Frumvarp til laga um grunnskóla (2011)
Þingskjalíð (<http://www.althingi.is/altext/139/s/1290.html>)
747. mál á 139. löggjafarþingi Alþingis

Fræðsluráð Hafnarfjarðar fjallaði um frumvarp til laga um grunnskóla (747. mál á 139. löggjafarþingi) sem hefur verið sent í athugasemdaferli á fundi sínum þann 9. maí 2011. Í meginatriðum er fræðsluráð sammála þeim breytingum sem til stendur að gera á grunnskólalögum frá 2008. Það felur í sér að fræðsluráð metur það sem svo að lagabreytingarnar séu til bóta og séu nær þeirri framkvæmd á skólastarfi grunnskóla sem viðhaft er í dag (eða eigi að vera) heldur en núverandi lög. Aðrar breytingar sem eru í frumvarpinu feli í sér bragarbót á núverandi lögum og aukna réttarbót fyrir nemendur. Þannig eru ákvæði um skólabrag (6. grein), val unglunga (4. grein) og skólasöfn (3. grein) í samræmi við stefnu og starfsemi grunnskólanna í Hafnarfirði. Undanþáguákvæðin í frumvarpinu eiga þó lítið við um Hafnarfjörð og skipta sveitarfélagið því litlu. Ákvæði um að sveitarfélög geri þjónustusamning við grunnskóla (8. grein) sem ekki eru reknir af sveitarfélögum en starfræktir í viðkomandi sveitarfélagi er til bóta og er í reynd í samræmi við reglugerðina sem nú er í gildi og kveður á um mögulegan þjónustusamning. Þannig felur frumvarpið ekki í sér mikla möguleika Hafnarfjarðar til hagræðingar á grundvelli þess og ákveðin þættir frumvarspsins geta falið í sér kostnaðarauka fyrir Hafnarfjörð, t.d. varðandi fósturbörn og þjónustusamninga við viðurkennda, sjálfstætt rekna grunnskóla, með því eftirliti sem kveðið er á um.

Að ofangreindu sögðu telur fræðsluráð að frumvarpið sé til bóta og styður það.

Afrit sent í tölvupósti á netfangið nefndasvid@althingi.is.

F.h. fræðsluráðs Hafnarfjarðar


Magnús Baldursson,
Sviðsstjóri fræðslusviðs / fræðslustjóri

